


Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í ágúst 2019

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 17. september 2019

Akureyri. Heildarfjöldi frjókorna á Akureyri í ágústmánuði var 1478 frjó/m³, töluvert yfir meðaltali árána 1998–2018 sem er 927 frjó/m³. Frjókorn voru nær samfelld í lofti allan mánuðinn.

Langflest frjókorn voru grasfrjó, 1400 frjó/m³, og mældust þau alla daga nema tvo. Þetta er mun meira en venjulega því meðaltal grasfrjóa í ágúst er 853 frjó/m³. Tvisvar mældust grasfrjó yfir 200 frjó/m³ og hæst fóru þau í 628 frjó/m³, fimmtudaginn 1. ágúst, en aldrei áður hafa mælst jafn mörg grasfrjó á einum degi á Akureyri. Áður höfðu mest mælst 460 grasfrjó/m³ á einum degi þann 1. september 2017.

Aðrar helstu frjógerðir voru súru- og lyngfrjó, en lítið mældist af þeim.




Myndritið sýnir gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í ágúst á Akureyri. Þrjár toppar mældust en þar fyrir utan voru frjótölur ekki mjög háar. Mest var af frjóum þann 1. ágúst eða 633 frjó/m³. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.



Garðabær. Frjókorn í Garðabæ voru langt undir meðaltali í ágúst eða 239 frjó/m³, en meðaltalið er 510 frjó/m³. Frjó mældust þó í mjög litlu magni alla daga mánaðarins nema tvo, 29.–30. ágúst. Hæst fór frjótalan í 29 frjó/m³, mánudaginn 5. ágúst. Það voru aðallega grasfrjó sem mældust þann dag.

Flest frjókorn í ágúst voru grasfrjó. Heildartala þeirra í mánuðinum var 157 frjó/m³ sem er langt undir meðaltali, sem er 395 frjó/m³. Lyngfrjó voru næstalgengust, eða 17 frjó/m³. Af öðrum frjókornum mældist minna.



Myndritið sýnir gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í ágúst í Garðabæ. Grasfrjó fóru hæst í mánuðinum í 24 frjó/m³ þann 5. ágúst. Mest var af frjóum þann sama dag 29 frjó/m³. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.

Grasfrjó geta mælst í september en ólíklega í miklu magni nema í sérlega góðu haustveðri.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Garðabær, 17. september 2019

Ellý Guðjohnsen

Netfang elly@ni.is

www.ni.is

